

## FUNDARGERÐ STJÓRNAR STRÆTÓ BS.

### 325. fundur

Föstudaginn 19. júní 2020 var haldinn stjórnarfundur í stjórn Strætó bs. að Hesthálsi 14 og hófst hann kl. 11:00.

#### Mætt voru

Hjálmar Sveinsson (HS), Margrét Friðriksdóttir (MF), Sigrún Edda Jónsdóttir (SEJ) í fjarfundi, Ásgeir Sveinsson (ÁS), Gunnar Valur Gíslason (GVG) og Helga Ingólfssdóttir (HI)

Fundinn sátu einnig Jóhannes S. Rúnarsson (JSR), framkvæmdastjóri, sem ritaði fundargerð og Sigríður Harðardóttir sviðsstjóri gæða- og mannauðssviðs.

#### Dagskrá fundar:

1. Skipan stjórnar – kosning stjórnarformanns
2. Ráðningarsamningur framkvæmdastjóra.
3. Leiðanet – Borgarlínan staðan.
4. Heimsmarkmið Sameinuðu Þjóðanna.
5. Gjaldskrá – næstu skref.
6. Covid staðan.
7. Útboð aksturþjónusta fyrir fatlað fólk – staðan.
8. Önnur mál.
  - a. Fyrirspurn frá fulltrúa Sjálfstæðisflokksins varðandi niðurfelldar leiðir.
  - b. Fyrirspurn frá áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins varðandi nánari skýringar á fundargerð.
  - c. Tillaga frá áheyrnarfulltrúa Sósílista varðandi greiðsluleiðir afsláttar- og tímabilskort.
  - d. Fyrirspurn frá áheyrnarfulltrúa Miðflokksins til Strætó.
  - e. Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins varðandi fjarlægðarmælingar.

#### Tekið fyrir:

##### 1. Skipan stjórnar

---

Fyrir fundinum lá bréf um samþykki bæjarstjórnar Garðabæjar um skipun fulltrúa í stjórn Strætó bs. Gunnar Valur Gíslason kemur inn sem aðalmaður í stjórn í stað Bjargar Fenger sem verður varamaður. Hjálmar Sveinsson frá Reykjavík var kosinn stjórnarformaður Strætó. Varaformaður var kosinn Sigrún Edda Jónsdóttir frá Seltjarnarnesi.

##### 2. Ráðningarsamningur framkvæmdastjóra

---

Fyrir fundinum lá viðauki við ráðningarsamning framkvæmdastjóra Strætó bs. Stjórn Strætó heimilar stjórnarformanni Strætó að undirrita viðaukann fyrir hönd stjórnar.

##### 3. Leiðanet – Borgarlínan staðan

---

Ragnheiður Einarsdóttir, sérfræðingur á skipulagssviði kom á fundinn og kynnti stöðuna á nýju leiðaneti.

##### 4. Heimsmarkmið Sameinuðu Þjóðanna.

---

Í stefnumótun Strætó á árinu 2019 var ákveðið að skoða heimsmarkmið Sameinuðu Þjóðanna og innleiða í stefnu Strætó. Sigríður Harðardóttir, sviðsstjóri mannauðs- og gæðamála kynnti stöðuna.

## 5. Gjaldskrá næstu skref

---

Drög að nýrri gjaldskrá hafa verið kynnt í sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu. Stjórn Strætó samþykkir gjaldskrána og sendir til sveitarstjórna til kynningar og óskar eftir eigendafundi.

## 6. Covid 19 stöðumat

---

Jóhannes Rúnarsson, framkvæmdastjóri Strætó kynnti stöðuna. Innstig eru að aukast hægt og sígandi. Tekjur aukast lítilega og fyrir séð að Strætó þarf aukið fjármagn til að standa undir sama þjónustustigi út árið og gert var ráð fyrir.

## 7. Akstursþjónusta fyrir fatlað fólk.

---

Yfirferð á tilboðum er á lokametrunum og stefnt að því að tilkynna um niðurstöðu í lok dags.

## 8. Önnur mál.

---

- a. Fyrirspurn frá fulltrúa Sjálfstæðisflokksins varðandi niðurfelldar leiðir. Framkvæmdastjóra Strætó falið að svara í samráði við stjórnarformann Strætó.
- b. Fyrirspurn frá áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins varðandi nánari skýringar á fundargerð. Framkvæmdastjóra Strætó falið að svara í samræmi við umræður á fundinum í samráði við stjórnarformann Strætó.
- c. Tillaga frá áheyrnarfulltrúa Sósílista varðandi greiðsluleiðir afsláttar- og tímabilskort. Framkvæmdastjóra Strætó falið að svara tillögunni í samráði við stjórnarformann Strætó.
- d. Fyrirspurn frá áheyrnarfulltrúa Miðflokksins til Strætó. Framkvæmdastjóra Strætó falið að svara í samráði við stjórnarformann Strætó.
- e. Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins varðandi fjarlægðarmælingar. Framkvæmdastjóra Strætó falið að taka saman svar í samráði við stjórnarformann Strætó.

Fundi slitið: kl. 13:00

**Fylgiskjöl: Heimsmarkmið Sameinðu þjóðanna:** <https://straeto.is/uploads/files/1035-54f4b87705.pdf>

**Leiðanet – Borgarlínan:** <https://straeto.is/uploads/files/1034-18fa24a9b6.pdf>

**Covid stöðumat:** <https://straeto.is/uploads/files/1033-07d4a7d014.pdf>

---

Hjálmar Sveinsson

---

Gunnar Valur Gíslason

---

Sigrún Edda Jónsdóttir

---

Margrét Friðriksdóttir

---

Helga Ingólfssdóttir

---

Ásgeir Sveinsson